

## SAMÞYKKTIR

### um íbúðir aldraða og félagslegra leiguíbúða

#### 1. gr.

Samþykktir þessar gilda fyrir úthlutun félagslegra íbúða aldraðra í Langanesbyggð í eigu sveitarfélagsins og reglur um búsetu í íbúðunum að Bakkavegi 23 og Miðholti 10 á Þórshöfn.

#### 2. gr.

Markmið með þessum íbúðum er að koma til móts við íbúa í sveitarfélögunum sem að sökum félagslegra eða heilsufarslegra ástæðna geta ekki séð um sig sjálf í eigin íbúð án stuðnings. Félagslegar leiguíbúðir eru ætlaðar þeim fjölskyldum og einstaklingum sem þurfa tímabundið sérstaka aðstoð til að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra tekna, þungrar framfærslu eða annarra félagslegra erfiðleika og skulu fjárhags- og félagslegar aðstæður þeirra metnar út frá þeim viðmiðum sem kveðið er á um í þessum reglum.

#### 3. gr.

Forsendur fyrir leigu eru eftirfarandi:

1. Umsækjandi sé orðinn ellilífeyrisþegi eða hafi rétt á félagslegum íbúðum sb. XII. Kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélag nr 20/1991.
2. Umsækjandi skuli hafa haft lögheimili í sveitarfélaginu á þeim degi sem sótt er um.
3. Umsækjandi geti vegna aðstæðna sinna ekki búið á núverandi heimili.

#### 4. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 3. gr., en umsækjendur skulu meta skv. eftirtöldum mativiðmiðum:

##### 1. Húsnæðisstaða

##### STIG

Er með húsnæði, húsaleiga er minni en 20% af heildartekjum heimilisins.	0
Er með húsnæði, húsaleiga er meira en 20% af heildartekjum heimilisins.	1
Er með húsnæði, húsaleiga er meiri en 30% af heildartekjum heimilisins.	2
Óöruggt eða óhentugt húsnæði.	2
Umsækjandi gistir á gistiheimili.	4
Heilsuspillandi húsnæði eða óíbúðarhæft af öðrum ástæðum.	4

11.maí 2026

## 2. Félagslegar aðstæður umsækjanda

### STIG

Aðstæður umsækjanda eru betri en getið er hér að neðan.	0
Mismunur á mánaðarlegri innkomu og útgjöldum er neikvæður og umsækjandi nær ekki endum saman.	2
Stuðningur aðstandenda umsækjanda er takmarkaður	3
Stuðningur á fyrri heimili hefur verið reyndur	3
Umsækjandi glímir við alvarleg langvinn veikindi	4
Annað mikilvægt sem þarf að koma fram	

### 5. gr.

Sækja skal um félagslegar íbúðir hjá skrifstofu Langanesbyggðar á þar til gerð umsóknareyðublöð eða senda póst á [langanesbyggd@langanesbyggd.is](mailto:langanesbyggd@langanesbyggd.is). Umsóknnum skal fylgja skattframtal, staðgreiðsluyfirlit og matsblað en umsóknir verða ekki teknar gildar nema öll gögn berist með umsókn. Skrifstofa Langanesbyggðar sér um að koma upplýsingum á fagråd félagslegra íbúða.

### 6. gr.

Fagråd félagslegra íbúða í Langanesbyggð metur umsóknir og aflar frekari upplýsinga um aðstæður umsækjanda eftir þörfum og gerir tillögur um úthlutun til Velferðar- og fræðslunefndar. Í fagráði situr forstjóri Nausts, hjúkrunarfræðingur heimahjúkrunar HSN og ráðgjafi frá Norðurþingi. Forstjóri Nausts er leiðandi í fagráði og sér um að kalla fagráðsfund.

### 7. gr

Velferðar og fræðslunefnd úthlutar íbúðum. Við úthlutun skal tekið tillit til heilsufars- húsnaðis og félagslegra aðstæðna umsækjenda á grundvelli mats fagráðs félagslegra íbúða í Langanesbyggð. Skrifstofa Langanesbyggðar sér um gerð leigusamninga og samskipti við leigutaka í kjölfar úthlutunar.

### 8. gr

Umsóknir skal endurnýja á 12 mánaða fresti, ella falla þær úr gildi. Velferðar og fræðslunefnd tekur ákvörðun um auglýsingu lausra íbúða út frá fjölda inniliggjandi umsókna.

9. gr

Um búsetu í íbúðum gilda eftirfarandi reglur:

- a. Gæludýrahald er leyft en leigusali áskilur sér rett um endurskoðun ákvæðisins ef gæludýrahald stríðir gegn húsreglum og/eða öðrum ákvæðum leigusamnings.
- b. Ekki heimilt fyrir aðstandendur að dvelja í íbúð nema leigutaki sé á staðnum.
- c. Leigutaki þarf að hafa lögheimili í íbúð.
- d. Dvelji íbúi lengur en 6 mánuði samfleytt inn á sjúkrastofnun falla niður réttindi leigjanda til leigu á húsnæðinu.
- e. Flytjist leigutaki inn á hjúkrunar- og eða dvalarheimili falla niður réttindi leigjanda til leigu á húsnæðinu og honum er gert að tæma íbúð innan mánaðar, miðast við mánaðarmót.
- f. Félagslegar íbúðir eru alltaf til reynslu fyrstu 6 mánuði.